



Reykjavík 12. september 2023

Niðurstaða athugunar á því hvernig aldursdeild Lífeyrissjóðs bankamanna tryggir lágmarkstryggingavernd

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun hjá Lífeyrissjóði bankamanna í febrúar 2023.

Markmið athugunarinnar var að fara yfir hvernig aldursdeild lífeyrissjóðsins veitir sjóðfélögum, sem greiða lágmarksiðgjald til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (sIsl.), áskilda lágmarkstryggingavernd, samanber 1. mgr. 4. gr. laganna, og hvort tilgreint iðgjald samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga, sé nægjanlegt til þess að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann skal veita.

Athugunin fór fram með öflun gagna um aldursdreifingu dæmigerðra sjóðfélaga miðað við hvenær reglulegar iðgjaldagreiðslur hófust, reiknaða tryggingavernd sem hlutfall af iðgjaldsstofni miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds frá 20 til 30 ára aldri, útreikninga á iðgjaldi sem þarf til að standa undir lágmarkstryggingavernd, samkvæmt 2. mgr. 4. gr. sIsl. Þá var óskað eftir upplýsingum um til hvaða ráðstafana sjóðurinn teldi helst fært að grípa til svo að ákvæði lágmarkstryggingaverndar, samkvæmt 5. gr. sIsl., væru uppfyllt.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í ágúst 2023. Samkvæmt útreikningum lífeyrissjóðsins yrði tryggingavernd sjóðfélaga, sem hefja öflun lífeyrisréttinda frá 25 ára aldri, 46,9% af iðgjaldsstofni sem greitt er af miðað við 10% iðgjald.

Iðgjald til að standa undir lágmarkstryggingavernd þyrfti að vera 11,9% af iðgjaldsstofni til þess að viðmið um 1,4% að meðaltali á ári (56% miðað við 40 ár) sé uppfyllt.

Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina gerði fjármálaeftirlitið athugasemd við að lífeyrissjóðurinn veitir sjóðfélögum og mökum þeirra ekki áskilda lágmarkstryggingavernd samkvæmt 4. gr. laga nr. 129/1997 með réttindum til elli-, örorku- og makalífeyris samkvæmt 14., 15. og 16. gr. laganna, miðað við óbreyttar samþykktir, og krafðist viðeigandi úrbóta.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fór fram á að lífeyrissjóðurinn geri breytingar á samþykktum sínum til þess að sjóðfélagar, sem greiða lágmarks-iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt 1. mgr. 2. gr. slsl., öðlist áskilda lágmarkstryggingavernd, samanber 1. mgr. 2. mgr. 4. gr. slsl.